

## Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulþjóðgarðs

**80. fundur haldinn á bæjarskrifstofum Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12,**

**24. nóvember 2016**

Mættir: Ruth Magnúsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Steingrímur Karlsson. Jafnframt var Einar Kr. Haraldsson á fundinum í gegnum síma. Þórhallur Þorsteinsson og Björn Ármann boðuðu forföll. Jafnfram sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður austursvæðis og Þórveig Jóhannsdóttir starfandi aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á austursvæði.

### Dagskrá

1. Dagskrá fundarins og samþykki fundargerða
2. Starfsstöð Vatnajökulþjóðgarðs á Egilsstöðum – bókun afgreidd í tölvupósti 22.11.2016
3. Stjórnun og verndaráætlun
4. Fire and Ice – beiðni um undanþágu vegna tjöldunar í Krepputungu
5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar
6. Önnur mál.

*Ruth setti fundinn kl. 16:45. Gengið var til dagskrár.*

### 1. Dagskrá og samþykki fundargerða

Formaður óskaði eftir athugasemdum við dagskrána. Enginn hafði athugasemdir við hana.

### 2. Starfstöð Vatnajökulþjóðgarðs á Egilsstöðum

Eftirfarandi bókun var staðfest þann 22. nóvember í gegnum tölvupóst varðandi starfstöð Vatnajökulþjóðgarðs á Egilsstöðum

*Svæðisráð leggur til við stjórn að Vatnajökulþjóðgarður komi sér upp skrifstofuaðstöðu á Egilsstöðum fyrir ráðningu nýrra starfsmanna á fjármálasviði. Þá verði vinnuaðstaða í Snæfellsstofu nýtt áfram eftir því sem hentar hverju sinni.*

Svæðisráð staðfestir bókunina.

### 3. Stjórnun og verndaráætlun

Þjóðgarðsvörður kynnti breytingar og athugasemdir við stjórnun og verndaráætlun. Farið var yfir þær.

Svæðisráð leggur til að áfram verði notað orðið fræðsla í staðin fyrir menntun og að athuga þurfi skilgreiningu á víðernum í SVÁ og í nýjum í náttúruverndarlögum.

### 4. Fire and Ice

Agnes Brá kynnir erindi um Fire and Ice hlaup og umsókn á undanþágu vegna tjöldunar fyrir 100 manns innan Krepputungu.

Svæðisráð teljur hlaupið vera jákvæður viðburður innan þjóðgarðsins, en bendir jafnframt á að hafa þurfi í huga að svona viðburður geti ekki vaxið ótakmarkað og að til greina gæti komið að veita leyfi til eins árs til að byrja með.

## **5. Skýrsla þjóðgarðsvarðar**

Þjóðgarðsvörður leggur áherslu á að mikilvægt að fá heilsárstarfmann til þess að sinna hálendinu á austursvæði þjóðgarðsins.

Tímasetning á næsta fundi verður ákveðin í samráði við framkvæmdastjóra og fjármálastjóra þjóðgarðsins í janúar.

*Fundi slitið 18:50*

*Fundargerð ritaði Þórveig*